



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.118 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 12.júlí 2016 klukkan 15:00. Mætt eur til fundarins Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon og Vigfús Þór Hróbjartsson Skipulags og byggingarfulltrúi. Davíð Andri og Bjarki boða forföll enginn varamaður komst í þeirra stað.

Dagskrá:

Byggingarmál:

- 1. Nýibær – Umsókn um byggingarleyfi – Stækkun íbúðarhúss**
 Kristinn G. Kristinsson og Sigríður Gunnarsdóttir sækja um leyfi fyrir stækkun íbúðarhúss að Nýjabæ sbr. uppdráttum. Í breytingunni felst að byggt er við húsið sem nemur 101 m² auk þess sem innra skipulagi þess er breytt. Ekkert deiliskipulag er í gildi vegna Nýjabæjar og er því málið lagt fram til afgreiðslu skipulagsnefndar.
Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
- 2. Selhólavegur – Umsókn um byggingarleyfi**
 Böðvar Pétursson og Auður H. Ármannsdóttir sækja um leyfi fyrir byggingu einbýlishúss á einni hæð í samr. við uppdrætti. Húsið stendur utan núverandi deiliskipulags frístundabyggðar. Viðkomandi umsókn er í samræmi við skilmála gildandi aðalskipulags er varðar leyfilegan fjölda íbúðarhúsa á bújörð.
Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
- 3. Hótel Vatnajökull – Byggingarleyfi**
 Sótt er um byggingarleyfi fyrir nýrri starfsmannaaðstöðu við hótél Núpa. Í breytingunni felst að núverandi starfsmannaaðstaða er fjarlægð og ný er byggð í hennar stað alls 507,9 m². Heimild fyrir stækkun er ekki til staðar innan gildandi deiliskipulags og er því málið lagt fram til afgreiðslu skipulagsnefndar.
Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis að undangengnu samþykkt landeiganda og uppfærslu á deiliskipulagi svæðis. Nefndin bendir á að í öllum tilfellum skal byggingarleyfi liggja fyrir áður en framkvæmir hefjast. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
- 4. Syðri Steinsmýri – Umsókn um byggingarleyfi**
 Eldhraun ehf. Kt. 440602-3390 sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu 32 m² sumarhúss að Syðri Steinsmýri lóð 186342 sbr. Meðfylgjandi uppdráttum.
Samþykkt. Nefndin áréttar að ef frekari uppbygging verði áætluð innan svæðis skuli landeigandi láta vinna deiliskipulag fyrir lóðina.
- 5. Búland – Umsókn um byggingarleyfi**
 Pétur D. Sigurðsson kt.191187-2379 sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu gestahúss að Búlandi í Skaftárhreppi.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki annarra landeiganda. Nefndin áréttar að uppbygging smáhýsabyggðar eða stærri útleiga gestahúsa sé háð deiliskipulagningu eftir umfangi. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Önnur mál:

6. Selhólavegur – Umsókn um stofnun lóðar.

Hörður Davíðsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Efri-Víkur. Á lóðinni á að byggja einbýlishús í samr. við lið 2 í fundargerð. Lagt er fram lóðarblað sem byggir deiliskipulagi í vinnslu.

Ekki er gerð athugasemd við stofnun lóðar. Nefndin leggur til að haft verði samráð við aðliggjandi jarðir er varðar stofnun lóðar.

7. Katla Geopark – Erindi til skipulagsnefndar Skaftárhepps.

Fyrir hönd Kötlu Jarðvangs er hér með óskað er eftir því að skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skaftárhepps leiti leiða með landeigendum til að friðlýsa heildstæða hluta Landbrotshóla og Skaftárhrauns. Til að uppfylla ný skilyrði Hnattrænna jarðvanga UNESCO (2016) er nauðsynlegt að komið verði á, í það minnsta, hverfisvernd á heildstæðum ósnortnum hluta þessara hrauna auk þess sem fara verður að lögum um vernd þeirra.

Nefndin leggur áherslu á að fullt samráð verði haft við landeigendur á svæðinu vegna viðkomandi erindis. Lagt er til að sveitarstjórn skipi vinnuhóp til að kanna grundvöll verkefnisins.

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl.17:25

Kersti - H